

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 289/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóni Erni Guðmundssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Fíkniefni. Umferðarlög. Ökuréttarsvipting. Sekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1993 og krefst sakfellingar samkvæmt ákæru að öllu leyti, þyngingar á refsingu og enn frekari sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst þess, að staðfest verði niðurstaða héraðsdóms um sýknu af ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hann hljóti fyrir aðra ákæruliði vægustu refsingu, sem lög leyfa.

I.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til lítils háttar áhrifa vegna neyslu kannabisefna, skömmu áður en slys það varð, er mál þetta varðar, en hins vegar ekki að hafa fundið til áhrifa við aksturinn. Engin sýni voru tekin úr honum þann dag. Hins vegar voru blóðsýni og þvagsýni tekin úr ákærða að lokinni skýrslutöku daginn eftir, en að eigin sögn var hann við hassreykingar um það bil þremur til fjórum klukkustundum fyrir töku sýnanna. Eins og greinir í héraðsdómi, var það niðurstaða rannsókna á þvagsýni, að „hlutað-eigandi, sem sýnið var tekið úr, hafi neytt kannabis“. Ákærvaldið hefur engan reka gert að því að renna stöðum undir þá staðhæfingu, að þessi niðurstaða geti veitt sönnun um fyrri neyslu en þennan sama dag. Verður að fallast á það með héraðsdómi, að ekki séu fram komnar nægar sönnur til að telja, að ákærði hafi á þeirri stundu, er áreksturinn varð, verið ófær um að stjórna ökutækinu

af völdum kannabisefna, en til þess tekur 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga. Ber því að sýkna hann af þeim ákærulið.

II.

Aðstæður á árekstursstað á mótum Holtavegar og Sæbrautar síðdegis 11. maí 1992 voru þær, að bjart var og sólskin og yfirborð hins malbikaða vegar slétt og þurrt. Engin hemlaför voru eftir bifreið ákærða, sem ók eftir Sæbraut til norðurs inn á gatnamótin gegn rauðu ljósi og inn í vinstri hlið kennslubifreiðar, sem ekið var vestur Holtaveg á grænu ljósi. Sú bifreið kastaðist á tvær kyrrstæðar bifreiðar á vesturhelmingi Sæbrautar. Ljóst þykir, að bifreið ákærða var ekið á mikilli ferð, að minnsta kosti 80 km hraða, eins og ákærði hefur viðurkennt. Hámarkshraði á Sæbraut er 60 km miðað við klukkustund. Afleiðingar árekstursins voru þær, að ökumaður kennslubifreiðarinnar, Þórdís Unnur Stefánsdóttir, lést skömmu síðar af völdum áverka. Ökukennarinn, Páll Hafsteinn Kristjánsson, sem sat í hægra framsæti bifreiðarinnar, hlaut veruleg meiðsli. Farþegi í aftursæti og ökumaður í kyrrstæðri bifreið á Sæbraut munu og hafa hlotið nokkrar ákomur.

Ákærði hefur viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi ekki veitt umferðarljósunum athygli. Hann kvaðst hafa verið að ræða við félagala sinn, sem sat í framsæti bifreiðarinnar, og fylgjast með honum fást við eitthvað undir sætinu. Þegar hann leit upp aftur, hafi hann verið kominn út á gatnamótin og árekstur óumflýjanlegur.

Með hliðsjón af framansögðu ber að staðfesta sakarmat héraðsdóms og færslu til refsíákvæða með þeirri athugasemd, að í ákæru hefði verið rétt að vísa jafnframt til 3. mgr. 37. gr. umferðarlaga auk 1. mgr.

III.

Ákærði sýndi af sér stórfellt og vítavert gáleysi með akstri sínum umrætt sinn og olli með honum dauða, líkamslemstri og verulegu eignatjóni. Við mat á gáleysi ákærða er óhjákvæmilegt að líta til þess, að hann hóf akstur bifreiðar innan klukkustundar frá því, að hann fann til áhrifa af kannabisefnum, eins og hann hefur viðurkennt. Ber það vott um skeytingarleysi, en er óháð áðurnefndri

niðurstöðu um skort á sönnun um brot gegn 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða 90.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 12. maí 1992. Með hliðsjón af broti hans þykir rétt, að hann verði sviptur ökurétti í fimm ár frá þeim degi, sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Örn Guðmundsson, skal sæta fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða 90.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og kemur fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í fimm ár frá 12. maí 1992.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. júní 1993.

1. Ár 1993, þriðjudaginn 29. júní, er í Héraðsdómi Reykjaness af Sigurði Halli Stefánssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í máli nr. S-48/1993.

Mál þetta var dómtekið 11. þ. m. Það var höfðað með ákæru 16. febrúar 1993 á hendur Jóni Erni Guðmundssyni, kt. 300971-3509, Vesturvangi 13, Hafnarfirði, „fyrir að aka mánudaginn 11. maí 1992 bifreiðinni JX-095 norður eystri akbraut Sæbrautar í Reykjavík undir slíkum áhrifum kannabiseftna, að hann var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega, og aka bifreiðinni með allt að 80 kílómetra hraða miðað við klukkustund inn á gatnamót við Holtaveg, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvatnum fyrir akstursstefnu hans, með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst þar á bifreiðina R-67650, sem ekið var vestur Holtaveg og inn á gatnamótin, og sú bifreið kastaðist til og rakst á bifreiðina R-7702, sem var kyrrstæð á vestari akbraut Sæbrautar, og síðan á bifreiðina Y-5057, sem var kyrrstæð aftan við þá bifreið. Við þetta hlaut ökumaður bifreiðarinnar R-67650, Þórdís Unnur Stefánsdóttir, fædd 2. maí 1975, svo mikla áverka á höfði og í brjóstholi, að hún lést skömmu síðar, og farþegi í framsæti bifreiðarinnar, Páll Kristjánsson, fæddur 7. september 1942, brot á þremur rifbeinum og mar á hjarta og lungum.

Telst þetta varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 23. gr., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga“.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði efni ákærunnar rétt að öðru leyti en því, að hann neitaði að hafa ekið „undir slíkum áhrifum kannabiseftna, að hann var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega“.

2. Mánudaginn 11. maí 1992 kl. 18.50 barst lögreglu tilkynning um umferðarslys á mótum Sæbrautar og Holtavegar í Reykjavík, en þar eru umferðarljós, sem voru virk, þegar áreksturinn varð.

Mjög harður árekstur hafði orðið milli bifreiðanna JX-095, Cherokee-jeppabifreiðar, sem ekið var norður Sæbraut eftir hægri akrein (hámarks hraði 60 km/klst.), og R-67650, Mazda-fólksbifreiðar, sem var ekið vestur Holtaveg eftir hægri akrein (hámarkshraði 50 km/klst.).

Samkvæmt vettvangsuppdrætti voru engin hemlafið sjáanleg, en yfirborð malbiks var þurrt. Við áreksturinn hafði bifreiðin JX-095 snúist næstum í hálfhring og stöðvast við miðeyjarenda Sæbrautar norðan gatnamótanna.

Bifreiðin JX-095, sem ákærði ók, skall á vinstri hlið bifr. R-67650, kastaðist til norðvesturs og lenti fyrst á bifreiðinni R-7702 og síðan á bif-

reiðinni Y-5057, sem báðar voru kyrrstæðar á hægri akrein vestari akbrautar Sæbrautar við gatnamótin, og var bifreiðin R-7702 framar.

Bifreiðin R-67650 var löggilt kennslubifreið, og voru stjórnæki ökukennara tengd. Ökuneminn, Þórdís Unnur Stefánsdóttir, var föst í vinstra framsæti, er að var komið, en ökukennarinn, Páll Hafsteinn Kristjánsson, við hlið hennar og farþegi, Svanhildur Díana Hrólfsdóttir, í aftursæti. Þau voru flutt á slysadeild í sjúkrabifreiðum. Skömmu eftir komu þangað lést Þórdís Unnur Stefánsdóttir. Niðurstaða krufningarskýrslu Rannsóknastofu háskólans er svofelld: „Við krufninguna komu í ljós fjölmargir áverkar, en alvarlegustu áverkarnir voru: höfuðkúpubrot þvert í gegnum basis cranii ásamt blæðingum undir heilahimnum og heilabjúg og útbreiddar blæðingar í báðum lungum samfara emphysema acuta traumatica. Dánarorsök konunnar hefur verið lost af völdum ofangreindra fjöláverka.“ Niðurstaða áverkavottorðs, dags. 14. 12. 1992, um Pál Hafstein Kristjánsson: „Fimmtugur maður, sem lenti í umferðarslysi, hlaut við það verulega mikinn áverka á vinstri hlið og að minnsta kosti þrjú rifbrot, lungnamar, hjartamar og síðar vökva í brjósthól. Mánuði eftir slys, er Páll var síðast í skoðun hjá mér, var klínískt ástand hans verulega batnandi. Enn er þó of snemmt að fullyrða, hvort hann muni hljóta varanleg mein eftir þetta slys.“ Svanhildur Díana reyndist litið slösuð.

Bifreiðarnar JX-095 og R-67650 voru óökufærar eftir áreksturinn. Samkvæmt vottorðum Bifreiðaskoðunar Íslands reyndust þær vera í lagi að undanskildum skemmdum vegna tjóns.

Ákærði ók bifreiðinni JX-095 frá Hafnarfirði um Reykjanesbraut og Sæbraut. Við hlið hans sat vinur hans, Jóhann Pétur Leifsson. Hann kvaðst hafa náð yfir gatnamót á grænum umferðarljósum, allt frá því að komið var á móts við Breiðholt. Hann kvaðst hafa verið að tala við Jóhann Pétur og litið til hans, niður og til hliðar, er Jóhann Pétur hefði beygt sig niður, eins og hann væri að gá að einhverju á gólfi bifreiðarinnar. Hann kvaðst ekki vita, hve langt hann var þá frá gatnamótum Sæbrautar og Holtavegar, „hugsaði voðalítið út í það“. Hann kvaðst ekki hafa litið á umferðarljós, en þegar hann hefði litið upp aftur og fram á veginn, hefði bifreiðin R-67650 verið nokkra metra fyrir framan sig. Hann kvaðst hafa ekið á hægri akrein Sæbrautar á 70-80 km hraða (á vettvangi kvaðst hann ekki viss um, hver hraði bifreiðarinnar hefði verið, en áætlaði hann um 80 km/klst.).

Vitnið Jóhann Pétur Leifsson var farþegi í bifreiðinni JX-095 og sat í framsæti. Rétt áður en slysið varð, kvaðst hann hafa beygt sig til að ýta brott einhverju, sem valt við fætur sér. Ákærði hefði litið á, hvað hann væri að gera, og í því hrópað, og áreksturinn hefði orðið. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir umferðarljósum, en vitað, að þeir voru að koma

að gatnamótum. Giskaði hann á, að hraði bifreiðarinnar hefði verið 70-80 km miðað við klukkustund.

Páll Hafsteinn Kristjánsson kvaðst hafa sagt nemanda sínum að halda áfram akstri vestur Holtaveg yfir gatnamót Sæbrautar, því að grænt umferðarljós hefði verið fyrir akstursleiðina og hann hefði hvorki séð til ferðar bifreiðarinnar JX-095 né heyrt hemlahljóð eða hljóðmerki. Nemandinn hefði ekið mjög rólega inn á gatnamótin.

Svanhildur Dána Hrólfsdóttir kvaðst hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar R-67650 fyrir aftan ökukennarann, en verið að lesa í bók og ekki tekið eftir neinu óeðlilegu, fyrr en hún fann höggið frá árekstrinum.

Ökumaður bifreiðarinnar R-7702, Emelía Ásta Júlíusdóttir, kvaðst hafa setið í bifreið sinni á Sæbraut við Holtaveg og beðið eftir því, að grænt ljós kæmi á götuvatn. Enn hefði logað rautt ljós fyrir akstursstefnu hennar, eftir að óhappið varð.

Ökumaður bifreiðarinnar Y-5057, Jóhanna Agnarsdóttir, kvaðst einnig hafa verið að bíða eftir grænu ljósi til að geta haldið áfram suður Sæbraut, gagnstætt akstursstefnu jeppa, sem ekið hefði verið á mikilli ferð. Hún kvaðst hafa séð óhappið gerast, og við höggið hefði kennslubifreiðin kastast yfir gatnamótin og skolið á bifreið sinni.

Þorsteinn Viggósson kvaðst hafa ekið norður Sæbraut og verið rétt kominn yfir gatnamót Skeiðarvogs og Sæbrautar, þegar jeppabifreið hefði verið ekið á mikilli ferð, ekki undir 80 km/klst., fram úr á hægri akrein. Fólksbifreið hefði verið ekið um Holtaveg framan við jeppann, sem ekið hefði verið gegn rauðu umferðarljósi og án þess að hemlajós sæjust á honum og skolið á fólksbifreiðinni.

Friðrik Halldórsson kvaðst hafa verið í bifreið sinni kyrrstæðri í stefnu suður Sæbraut á eftir bifreiðinni Y-5057. Hann kvað jeppabifreiðinni hafa verið ekið inn á gatnamótin, án þess að dregið væri úr hraða, og hún skolið á Mazda-bifreiðinni. Þá hafi logað rautt ljós á götuvita fyrir umferð norður og suður Sæbraut.

Júlíus B. Helgason kvaðst hafa verið á plani þvottastöðvar á horni Sæbrautar og Holtavegar, þegar slysið varð, heyrt þungt hljóð, litið upp og séð stóran jeppa snúast á gatnamótunum og einnig minni fólksbifreið kastast yfir gatnamótin og skella á tveimur bílum, sem stóðu þar. Hann kvað sér strax hafa orðið litið á umferðarljósin og séð, að grænt ljós logaði fyrir akstur um Holtaveg.

Öll hin framantöldu nema ákærði og Jóhann Pétur Leifsson gáfu skýrslu einungis hjá rannsóknardeild lögreglu.

3. Samkvæmt skýrslu Gissurar Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, hringdi starfsstúlka á Hrafnistu til hans mánudaginn 11. maí 1992 kl. 18.55 og tilkynnti, að kl. 18.00 hefði

starfsfólk á Hrafnistu séð til ferða bifreiðarinnar IK-759 á malarstæði við Garðaveg að sunnanverðu við Hrafnistu. Sést hefði til fólks úr bifreiðinni fara út í gjótu í hrauninu, sækja þangað hlut og fara með í bifreiðina. Skömmu síðar hefði sést, að reyk lagði út um opinn glugga á bifreiðinni, og hefði fólkið, stúlka og tveir piltar, sést vera að reykja. Rannsóknarlögregluformaðurinn fór að Hrafnistu, ræddi við sjónarvotta, fór á þann stað, þar sem þetta átti að hafa gerst, og fann þar „hasslón“ í hraungjótu. Hafði að sögn lögreglumannsins sýnilega verið nýbúið að reykja úr pípunni. Vegna fyrri afskipta af bifreiðinni og samkvæmt lýsingu beindist grunur að ákærða.

Við skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík kl. 16.30 daginn eftir (12. maí) var ákærði „sérstaklega spurður um það, hvort satt sé, að hann, systir hans og Jóhann Pétur Leifsson hefðu verið við hassreykingar, skömmu áður en hann hafi farið af stað á jeppanum“. Ákærði svaraði þessari spurningu svo, „að það sé rétt, að þau hafi lagt bifreiðinni, þ. e. Monsunni, á gömlum malarvegi, sem liggur frá Hafnarfirði út á Álfarnesveg. Þar hafi þau öll (sic). Hann kveður þetta ekki hafa beinlínis verið hass, heldur skaf úr lóni á vatnspípu. Hann kveðst hafa fundið áhrif frá þessum reykingum. Hann kveðst hafa verið við hassreykingar um helgina og síðast reykt hass laugardaginn 9. 5. 1992. Jón kvaðst hafa reykt þetta öðru hverju sl. fjögur ár. Annað sé ekki að segja um þessar reykingar“.

Að lokinni þessari skýrslutöku, kl. 18.00, var ákærða tekið blóðsýni og þvagsýni vegna rannsóknar kannabisefna (hass). Í skýrslu Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, dags. 15. 6. 1992, segir: „Etanól var ekki í mælanlegu magni, hvorki í blóði né þvagi (niðurstöður hafa áður verið sendar). Í bæði blóði og þvagi mátti hins vegar greina kannabínóíða. Blóðsýnið hefur því verið sent réttarefnafræðistofnuninni í Osló til staðfestingar á því, hvort tetrahydrokannabinól væri í blóðinu. Í þvagini voru hvorki amfetamín, benzódiazepín-sambönd, kokaín/benzóýlekgónín né morfín eða skyld lyf.“

Hlutaðeigandi hefur sennilega neytt kannabis skömmu fyrir töku sýnisins.“

Í skýrslu rannsóknarstofunnar, dags. 11. 8. 1992, er með vísun til fyrri matsgerðar greint frá því, að blóðsýnið hafi verið of lítið til fyllri rannsóknar, „en sýna mátti fram á, að tetrahydrokannabinól-sýra væri í þvagini. Er því öruggt, að hlutaðeigandi, sem sýnið var tekið úr, hefur neytt kannabis“.

Hinn 26. maí 1992 kom ákærði að eigin ósk til skýrslugjafar hjá lögreglu. Skýrði hann þá frá hassreykingum sínum frá því laust eftir hádegi og fram til kl. 14.30 þann dag (12. 5.), er hann gaf skýrslu fyrra sinni. Hann var

spurður, hvort þessar reykingar hefðu haft áhrif á aksturshæfni hans þann dag, sem slysið varð. Svar: „Ég fann ekki til neinna áhrifa við aksturinn, enda hefði ég þá ekki farið að fá bílinn lánaðan hjá mömmu.“ Aðspurður, hvort ástand hans daginn, sem hann var yfirheyrður, hefði haft áhrif á framburð hans, kvaðst hann þá hafa svarað öllu rökrétt, eins og spurt var, og gert sér fulla grein fyrir spurningunum.

Eftir slysið fór ákærði með lögreglunni á slysadeild Borgarspítalans. Guðlaugur Einarsson, sem hafði tal af ákærða í lögreglubifreið á vettvangi og skráði frumskýrslu lögreglu, kvað ákærða hafa verið mjög rólegan og ekkert óeðlilegt í fari hans eða að lykt hefði fundist af honum. Á Borgarspítalanum talaði Hörður Jóhannesson við ákærða, en hann annaðist rannsókn málsins af hálfu rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík. Hann kvað ákærða hafa verið kurteisan. Einnig kvað hann ákærða hafa verið eðlilegan og rólegan og ekki að sjá á honum áhrif vímuefna við skýrslutöku 12. maí. Hann tók þó fram, að hann væri ekki vanur rannsókn fíkniefna-mála. Hann mundi ekki, hvort hann hefði spurt ákærða um neyslu fíkniefna eftir aksturinn, en þess er ekki getið í skýrslu hans.

Ákærði kvaðst hafa komið heim úr vinnu kl. um 17.00 11. maí 1992 og farið síðan með Guðrúnu, systur sinni, og Jóhanni Pétri Leifssyni, vini sínum, í bifreiðinni IK-759 á gamlan malarveg við Hrafnistu í Hafnarfirði. Þar hefðu þau öll reykt skaf, leifar innan úr hasspípu, af hassi, sem áður hafði verið reykt, blandað tóbaki. Þetta hefði verið um kl. 17.30 og varað í 10 - 15 mínútur. Hann kvaðst hafa fundið til smávægilegra áhrifa, en ekkert hefði eimt eftir af þeim, þegar hann ók Cherokee-jeppabifreiðinni af stað áleiðis til Reykjavíkur, eða við aksturinn, sem lauk með slysi því, sem um ræðir í málinu.

Vitnin Jóhann Pétur Leifsson og Guðrún Guðmundsdóttir báru á sama veg og ákærði um reykingar við Hrafnistu á skafi úr hasspípu. Þau kváðust ekki hafa fundið til vímuáhrifa eða merkt slík áhrif á ákærða.

Ákærði skýrði svo frá, að á tímabilinu frá því laust eftir hádegi til klukkan um 15.00 12. maí 1992 hefði hann reykt hass í bílskúr heima hjá vini sínum, Gunnari Björnssyni, Ásbúð 62, Garðabæ. Auk Gunnars kvað hann vin sinn, Húbert Sigursteinsson, og Guðrúnu, systur sína, hafa verið viðstödd. Kvaðst hann hafa fundið til vímuáhrifa, er hann gaf skýrslu hjá Herði Jóhannessyni rannsóknarlögreglumanni skömmu síðar. Hann kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að nefna þessar reykingar í það sinn eða ekki þorað það, enda hafi hann ekki vitað fyrr en að skýrslutöku lokinni, að taka ætti sér blóðsýni.

Vitnin Gunnar Björnsson, Húbert Sigursteinsson og Guðrún Guðmundsdóttir staðfestu frásögn ákærða um hassreykingar í bílskúrnum að Ásbúð 62.

4. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru, að því undanskildu, að hann hefur í umrætt sinn ekið bifreiðinni JX-095 „undir slíkum áhrifum kannabisefna, að hann var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega“. Um það skortir fullnægjandi sönnunargögn. Í því efni verður ekki stuðst við niðurstöðu rannsóknar á sýnum, sem ákærða var tekið daginn eftir slysið, þar sem upplýst er, að ákærði reykti hass fyrir þann dag. Ekki veitir akstursmáti ákærða heldur örugga vísbendingu um áhrif kannabisefna, þótt hann hafi verið mjög gálaus og háskalegur. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en að öðru leyti er háttsemi hans færð til rétttra lagaákvæða í ákæru.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

- 1989 2/3 Fíkniefnadómur. Sátt: 16.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 16/1986.
- 1990 24/4 Kjósars., Hafnarfjörður. Sátt: 22.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. Sviptur ökul. 6 mán. frá 9. 2. 1990.
- 1992 29/4 Fíkniefnadómur. Sátt: 16.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 16/1986.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Enn fremur greiði hann 70.000 króna sekt, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 101. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki. Ákveðst svipting ökuréttinda tvö ár frá 12. maí 1992, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Dæma ber ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Páls A. Pálssonar hrl., 60.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Örn Guðmundsson, sæti varðhaldi í 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Enn fremur greiði hann 70.000 króna sekt, og komi varðhald 20 daga í sektar stað, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í tvö ár frá 12. maí 1992.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, og saksóknar-laun í ríkissjóð, 40.000 krónur.
